

Mánudaginn 23. janúar 1961.

Nr. 198/1960. **Ákærvaldið** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Magnúsi Guðmundssyni

(Guðlaugur Einarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Framhaldsrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. nóvember 1960. Sækjandi málsins, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, og verjandi ákærða, Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður, fluttu kærumál þetta munnlega hér fyrir dómi dagana 16. og 18. janúar s.l.

A.

Verjandi ákærða hefur krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur, en engin efni eru til, að þeirri kröfu verði sinnt.

B.

Eins og rakið er í úrskurði héraðsdómara, er ákærði samkvæmt ákæruskjali 8. október 1960 sakaður um:

I. Að hafa sent lögreglustjóra Reykjavíkur tvö hótunarbref um líflát, og bárust lögreglustjóra bref þessi hinn 18. og 22. janúar 1960.

II. Að eiga og hafa í vörzlum sínum skammbyssu og skot í hana án lögmæltis leyfis.

III. Að hafa í kæru til dómsmálaráðherra og á dómþingum sakadóms Reykjavíkur borið lögreglumenn og lögreglustjóra Reykjavíkur röngum sakargiftum.

Verjandi ákærða krefst þess, að lagt verði fyrir héraðsdómara að framkvæma viðtæka framhaldsrannsókn um sakarefni og að fimmtíu nafngreindir menn verði leiddir fyrir dóm. Verða kröfur verjandans í þessu efni metnar með hliðsjón af hverju ákæruatriði um sig.

I. ákæruatriði.

1. Sigurjón Ingason lögregluþjónn hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið varðmaður í Stjórnarráðshúsinu í Reykjavík aðfaranótt 18. janúar 1960 frá kl. 2400 til kl. 0700. Hafi ákærði, sem klæddur var einkennisbúningi lögreglumanna, komið til sín um nóttina. Var klukkan þá rúmlega 0230, og dvaldist ákærði í húsinu til klukkan um 0345, að sögn Sigurjóns. Kveðst Sigurjón hafa orðið sjónarvottur að því, að ákærði skrifaði, meðan hann stóð við, á ritvél hótunarbréf til lögreglustjórans í Reykjavík. Ákærði hefur þrætt fyrir að hafa komið í Stjórnarráðshúsið greinda nótt. Í héraði var lagt fram vottorð lögreglustjórnarinnar í Reykjavík þess efnis, að ákærði, lögregluþjónn nr. 64, hefði „samkvæmt lögregluvarðskrá næturvaktar sunnudaginn 17. janúar 1960“ verið „kl. 0100 til 0300: Í eftirlitsbifreið ásamt lögregluþjónunum nr. 33 og 115. Kl. 0300 til 0400: á lögregluvarðstofunni“. Telur verjandi samkvæmt vottorði þessu sýnt, að Sigurjón Ingason hermi rangt um komu ákærða í Stjórnarráðshúsið og dvöl hans þar. Héraðsdómari hefur yfirheyrt lögregluþjón nr. 33. Hins vegar hefur lögregluþjónn nr. 115 ekki komið fyrir dóm, en verjandi ákærða krafðist þess bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að sá lögregluþjónn yrði einnig krafinn vættis. Fyrir Hæstarétti hefur sækjandi lagt fram tvö vottorð lögreglustjórnar Reykjavíkur, bæði dags. 17. janúar 1961, svohljóðandi:

„Samkvæmt dagbók lögreglustjóraembættisins í Reykjavík vottast, að á tímabilinu kl. 03—04 aðfaranótt 18. janúar 1960 var lögreglan aðeins einu sinni kvödd út. Var um hjálparbeiðni að ræða frá Hverfisgötu 49. Á vettvang fóru lögregluþjónar nr. 99, 116 og 122.

Samkvæmt lögregluvarðskrá voru á nefndu tímabili lögregluþjónar nr. 54, 64 og 116 skráðir í varðstofu, nr. 54 til símaþjónustu, en nr. 64 og 116 að sinna útkvaðningum. Samkvæmt sömu varðskrá er lögregluþjónn nr. 122 skráður á vakt í Austurstræti —Hafnarstræti á þessu tímabili og nr. 99 á Laugavegi.

Lögregluvarðskráin ber ekki með sér, hvers vegna lög-

regluþjónn nr. 64 var ekki sendur í umrætt útkall, svo að kveðja þurfti til lögreglumann, sem skráður var til varðþjónustu á öðrum stað“.

„Hér með vottast samkvæmt dagbók og talstöðvarbók lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, að lögregluþjónar nr. 64 og 115, sem skráðir voru á eftirlitsbifreið aðfaranótt 18. janúar 1960, kl. 01—03, gegndu engu útkalli á því tímabili. Lögregluþjónn nr. 33, sem skráður er á eftirlitsbifreið alla næturvaktina sem bifreiðarstjóri, gegndi hins vegar útkalli kl. 01 að Sjafnargötu 8 ásamt lögreglumönnum nr. 54 og 99, en þeir voru skráðir á eftirlitsbifreiðina frá kl. 23 til 01.“

Eins og gögnum málsins er háttað, er rétt, að rannsakaður verði nánar ferill ákærða greindan varðtíma og í því sambandi spurðir fyrir dómi samstarfsmenn hans á verðinum, þar á meðal áðurgreindur lögregluþjónn nr. 115.

2. Verjandi ákærða hefur í máli þessu lagt fram ýmsar ritsmíðir, sem hann telur nafngreindan, geðbillaðan mann hafa sett saman. Telur verjandi líkur fyrir því, að maður þessi kunnir að vera höfundur hótunarbréfa þeirra, er í máli þessu greinir, og krefst verjandi þess, að rannsókn málsins verði beint gegn nefndum manni. Eigi hafa verið leiddar neinar rökstuddar líkur að því, að sjúklingur þessi sé við hótunarbréfin riðinn, og ákærvaldið hefur eigi beint rannsókn gegn honum. Eins og málum er nú háttað er eigi rétt, að þessi dómstóll skipi fyrir um slíka rannsókn.

II. ákæruatriði.

Eins og rannsókn málsins er háttað, eru engin efni til, að Hæstiréttur mæli fyrir um frekari eftirgrennslan, að því er ákæruatriði þetta varðar. Kröfur verjanda ákærða, er þar að lúta, verða því eigi teknar til greina.

III. ákæruatriði.

Ákærði er, eins og áður segir, sóttur til refsingar fyrir rangar sakargiftir á hendur opinberum starfsmönnum vegna sakburðar hans á hendur þeim í kærnu til handhafa ákærvalds og á dómþingum. Ákærði hefur skorazt undan að finna stað þeim ummælum sínum, sem ákæran á hendur

honum er af risin, en þrátt fyrir það, hefur verjandi hans krafizt þess, að hafin verði almenn rannsókn fyrir sakadómi á hendur þeim mönnum, sem ákærði hefur borið sökum. Handhafar ákærvalds hafa eigi talið efni til að sinna greindri kröfu, og eigi er rétt, eins og málið liggur fyrir, að þessi dómstóll kveði á um slíka rannsókn.

C.

Málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00, og málflutningslaun verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Verjandi ákærða hefur í héraði og hér fyrir dómi haft uppi ýmsar löglausar og fjarstæðukenndar kröfur, varðandi rannsókn sakaratriða og meðferð málsins. Hefur þetta tafið málið og gert það miklu umfangsmeira en nauðsyn bar til. Af þessu efni ber að víta verjandann, Guðlaug Einarsson héraðsdómslögmann, og hefur verið litið til þessarar hegðunar hans við ákvörðun málsvarnarlauna.

Dómsorð:

Héraðsdómara ber að framkvæma framangreinda rannsókn.

Málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8000.00, og málflutningslaun verjanda fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1960.

Ár 1960, þriðjudaginn 22. nóvember, var úrskurður þessi kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldórj Þorbjörnssyni.

Með ákæruskjali, dags. 8. október s.l., hefur ákærvaldið höfðað mál gegn Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi lögreglumanni, Vesturgötu 27 hér í bæ.

Ákæruefni eru þessi:

I. Að ákærði hafi í janúar 1960 sent Sigurjóni Sigurðssyni, lögreglustjóra í Reykjavík, tvö bréf, þar sem honum er hótað lífláti.

II. Að ákærði hafi átt og haft í fórum sínum skammbyssu án þess að hafa fengið tilskilið leyfi til þess.

III. Að ákærði hafi haft uppi rangar sakargiftir á hendur lögreglumönnum, svo sem hér segir:

1. Borið í kæru til Dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. marz s.l., og á dómþingi 4. apríl eftirtalda lögreglumenn þeim sökum, að þeir hefðu verið ölvaðir við skyldustörf: Þorstein Jóhannes Jónsson, Þóri Sigurð Hersveinsson, Sveinbjörn Bjarnason, Hjört Eliásson og Sigurð Sigurðsson.

2. Borið á dómþingi 4. apríl Magnús Sigurðsson lögregluvarðstjóra þeim sökum, að hann hafi látið Finnboga Sigurðsson lögregluþjón aka bifreið undir áfengisáhrifum frá lögreglustöðinni og borið nefndan Finnboga þeim sökum, að hann hefði í nefndu tilviki komið ölvaður akandi í bifreið til lögreglustöðvarinnar og ekið henni þaðan í sama ástandi.

3. Borið á dómþingi 4. apríl Erling Pálsson yfirlögregluþjón þeim sökum, að hann hefði með áfengisáhrifum ekið bifreið sinni sumarið 1957.

4. Borið á dómþingi 4. apríl Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra þeim sökum, að hann hafi iðulega ekið bifreið sinni með áhrifum áfengis, sérstaklega einu sinni, er hann hafi verið vel drukkinn.

5.a. Borið á dómþingi 4. apríl Sigurjón Ingason lögregluþjón þeim sökum, að hann mundi eiga eða hafa átt til skamms tíma talsverðar birgðir af smygluðu áfengi og að hann fengi alltaf öðru hverju smyglað áfengi.

b. Borið ranglega á dómþingi 8. apríl, að Sigurjón Ingason hafi tjáð honum, að hann (S. I.) hefði ritað lögreglustjóra bréf og hótað honum lífláti.

Mál þetta var höfðað, að undangenginni rannsókn, er fram fór í sakadómi Reykjavíkur 4. apríl til 31. ágúst s.l.

Mál þetta var þingfest 31. f. m. Hafði Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður verið skipaður sækjandi málsins, en verjandi hafði að ósk ákærða verið skipaður Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður.

Á fyrsta dómþingi var málinu frestað til 10. þ. m. að ósk verjandans. Hinn 10. þ. m. var lögð fram beiðni verjanda um frek-

ari gögn í málinu. Þann dag svo og 12., 14., 15. og 17. þ. m. hafa farið fram yfirheyrslur og með þeim verið sinnt að nokkru leyti ofangreindri ósk verjandans.

Hinn 17. þ. m. lagði verjandi enn fram beiðni um frekari gagnaöflun og afhenti jafnframt 35 skjöl til framlagningar, en hinn 15. nóvember hafði verið skorað á málflytjendur að segja endanlega til þess, hver ný gögn þeir teldu að fram þyrftu að koma. Í tilefni af þessu bréfi hefur enn verið aflað nokkurra gagna, svo sem greint er frá hér á eftir. Sækjandi hefur ekki óskað þess, að fleiri gögnum væri komið að, og mótmælt því, að sinnt verði kröfum verjanda um gögn, frekar en orðið er.

Verður nú að rekja kröfur verjanda og taka þær síðan til úrlausnar.

1. Í beiðni, dags. 5. nóvember 1960, eru settar fram þessar kröfur:

(I) Varðandi I. kafla ákæruskjals:

A. Að yfirheyrður verði Sigurjón Sigurðsson og lagðar fyrir hann tilgreindar spurningar, merktar a—h. Þessi yfirheyrsla hefur farið fram, og þarf ekki að rekja þetta atriði nánar.

B. Að yfirheyrður verði Ólafur Jónsson lögreglufulltrúi (spurningar a—e). Þessi yfirheyrsla hefur farið fram.

C. Að yfirheyrður verði Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn og lagðar fyrir hann spurningar, merktar a—h. Þar af hefur vitnið þegar verið spurt um a—e, en hinar spurningarnar eru þessar:

f) „Hvort vitnið hafi sjálft eða einhverjir undirmenn þess innan lögreglunnar haft eftirlit með afbrotamönnum, sem afplánað höfðu, mönnum grunuðum eða geðveilum, af öryggisástæðum eða vegna almennings, að tilhlutan sakadómara, lögreglustjóra eða einstaklinga utan lögreglunnar.“

g) Hvort nokkrir starfsmenn lögreglunnar hafi verið haldnir geðveilu, þannig að sjúkrahúsvist hafi verið þeim nauðsynleg um skemmri eða lengri tíma.

h) Áskilinn réttur til nánari fyrirspurna, ef tilefni sýnist.

D. Að yfirheyrður verði Sigurjón Ingason lögregluþjónn um atriði, merkt a—f, og hafa tvær fyrstu spurningarnar verið lagðar fyrir vitnið. Hinar eru þessar:

c) Hvort vitnið hafi mikið notað síma, meðan hann var vaktmaður í stjórnarráðsbyggingunni, og til hverra hann hafi hringt, ef svo væri, t. d. Jóels Sigurðssonar, Finnboga Sigurðssonar, Magnúsar Guðmundssonar o. fl., og hverra erinda.

d) Hvort vitnið hafi átt byssu og þá hvers konar, hvort það hafi lánað öðrum hana og þá hverjum.

e) Hver ráðið hafi því, að Bjarni Erasmusson ók bifreið vitnisins hinn 17. júlí s.l. með þeim afleiðingum, að slys hlaut af, er bifreiðinni var ekið á handrið Fossvogsbrúarinnar, og minnst vitnið þess, hverjir komu á staðinn umrætt sinn, og ef svo er, þá hverjir, bæði lögreglumenn og aðrir.

f) Réttur áskilinn til að spyrja nánar, ef svör við framan-skráðum spurningum gefi tilefni til.

E. Að eftirtaldir 17 menn verði yfirheyrðir um vitneskju sína um hótunarbréfin, hvenær þeim hafi borizt vitneskja um kærubréf ákærða á hendur Magnúsi Sigurðssyni lögregluvarðstjóra og hvort lögreglustjóri, fulltrúi hans eða yfirlögregluþjónn hafi beðið þá að grennslast fyrir um blaðaskrif, hótunarbréf eða annað, sem mál þetta snertir: 1. Guðbjörn Hansson, 2. Magnús Sigurðsson, 3. Ólafur Guðmundsson, 4. Guðmundur Jónsson, 5. Jakob Björnsson, 6. Stefán Jóhannsson, 7. Trausti Eyjólfsen, 8. Kristmundur Sigurðsson, 9. Sveinbjörn Bjarnason, 10. Jól Sigurðsson, 11. Bjarni Erasmusson, 12. lögregluþjónn nr. 115 (17. janúar 1960), 13. Kristján Þorsteinsson, bílstjóri hjá Utanríkisráðuneytinu, 14. Magnús Aðalsteinsson, 15. Jóhannes Björgvinsson, 16. Helgi Ágústsson vaktmaður, 17. Gunnlaugur Ingason. Áskilinn réttur til að yfirheyra miklu fleiri, ef yfirheyrslur og ástæður þykja til þess.

Af mönnum þessum hefur Guðbjörn Hansson verið yfirheyrður.

F. Að allir stjórnarmenn Byggingasamvinnufélags lögreglumanna verði yfirheyrðir í sambandi við framburð Sveinbjarnar Bjarnasonar, bls. 80 í endurriti dómsrannsóknar.

G. Að félagsstjórn og kjörstjórn lögreglumannafélagsins, svo og Jakob Björnsson og Tryggvi Friðlaugsson, verði yfirheyrðir, varðandi framburð ákærða bls. 4 (kærubréf) og Magnúsar Sigurðssonar bls. 56.

H. Að lagður verði fram útdráttur úr gerðabók Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns, varðandi yfirheyrslu, er ákærði hafi verið kallaður til 4. febrúar 1960 vegna eins konar áminninga, sem ákærði segist hafa fengið 16. og 27. janúar. Jafnframt verði eftirtaldir menn yfirheyrðir: Þorkell Steinsson, Þórir Þorsteinsson, Einar Halldórsson, Páll Eiríksson, Erlingur Pálsson og Ólafur Jónsson.

(II) Varðandi II. kafla ákæruskjals:

A. Lagðar verði fyrir Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra

spurningar, merktar a—g. Vitnið hefur þegar verið spurt spurninganna a—d, en hinar eru þessar:

e) Hvort vitnið sjálf hafi byssuleyfi eða hafi í fórum sínum einhvers konar skotvopn, sprengju eða hluti eða efni í slíkt, og ef svo er, hvenær vitnið hafi fengið sjálfstætt byssuleyfi.

f) Hvort vitnið telji hvers konar byssur vera skotvopn í merkingu reglugerðar nr. 105/1936, sbr. lög nr. 69/1936, enda þótt slík tæki séu nú hættulaus, þótt þau einhvern tíma hafi ekki verið það, og hvort vitnið telji það varða við sömu reglugerð eða lög, ef maður á eða hefur í fórum sínum skotfæri, en enga byssu til að skjóta þeim úr.

g) Fyrirvari gerður um nánari spurningar og fleiri, ef til efni sýnist til.

B. Að fulltrúi lögreglustjóra, yfirlögregluþjónn, yfirvarðstjóri, skotfimiþjálfari lögreglunnar og þeir menn innan lögreglunnar, sem hafa byssuleyfi eða upplýst verður um, að eigi eða hafi skotvopn í fórum sínum, verði í sambandi við áður skráð undir lið II, A, „yfirheyrðir um þetta atriði, að því er varðar æfingar lögreglumanna, meðferð þeirra á skotvopnum og skotfærum í frístundum og um lán þeirra á slíku til annarra, innflutning og sölu o. s. frv.“ (sic.)

(III) Varðandi III. atriði í ákæruskjali:

A) Að allt lögregluliðið í Reykjavík, bæði lögreglustjórinn, aðrir yfirmenn lögreglunnar og óbreyttir liðsmenn hennar, verði yfirheyrt varðandi meintar rangar sakargiftir á hendur lögreglumönnum um áfengisneyzlu.

B) Að Erlingur Pálsson, Sigurjón Ingason, Jóel Sigurðsson og Bjarni Erasmusson verði yfirheyrðir um ákæruatriðin III, 5, a, og III, 5, b, svo og fleiri menn, ef ástæða verði til.

Í beiðninni er að lokum vikið að fleiri atriðum, er kanna þurfi, og hefur yfirheyrsla um þau þegar farið fram (þ. e. varðandi tæknirannsóknir við rannsókn málsins).

Í bréfi *verjanda*, dags. 16. nóvember, er krafa gerð um eftirtalin frekari gögn:

A. Yfirheyrt verði allt lögregluliðið í Reykjavík til upplýsinga um eftirtalin atriði:

- hver sé vitneskja lögreglumannanna um hótunarbréfin,
- hvenær þeir hafi fyrst fengið vitneskju um tilvist þeirra,
- hvort þeir hafi komið til Sigurjóns Ingasonar, er hann var vaktmaður í stjórnarráðsbyggingunni, og hverra erinda,

- c) (sic) hvenær þeir hafi fengið vitneskju um kæru ákærða á hendur Magnúsi Sigurðssyni, dags. 15. marz,
- d) hvort þeir hafi byssuleyfi,
- e) hvort þeir eigi byssur og skotfæri og hvort þeir hafi lánað ákærða slíkt,
- f) hvort þeir eigi ritvélar,
- g) hvort þeir hafi fengið áminningar frá yfirmönnum sínum innan lögreglunnar,
- h) hvort þeir hafi verið beðnir að grennslast fyrir um höfund hótunarbréfanna,
- i) hvaða afskipti þeir hafi haft af Gunnari Sverrissyni, Ægissíðu 46, og hvort nefndur Gunnar hafi oft verið staddur á lög-regluvarðstofu, verið þeim vitanlega undir eftirliti Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns eða annarra löggæzlumanna,
- j) hvort þeim sé kunnugt um, að öðrum hafi borizt hótunarbréf en lögreglustjóra og ákærða, bæði einstaklingum utan og innan lögregluliðsins og, ef svo er, þá hverjum,
- k) hvað gert hafi verið í slíkum málum, þ. e. hótunarbréfamálum.

B. Að allir rannsóknarlögreglumenn Reykjavíkur verði spurðir um það, hvort þeir hafi haft nokkurs konar afskipti af Gunnari Sverrissyni, Ægissíðu 46, og, ef svo er, þá hver þau afskipti hafi verið.

C. Þessir aðiljar verði krafðir vitnisburðar um hótunarbréfin, dskj. 7, 8 og 13: Bjarni Erasmusson, Jóel Sigurðsson, Bjarni Guðmundsson blaðafulltrúi, Pálmi Jónsson fyrrverandi lögregluvarðstjóri auk þeirra, er áður getur.

D. Að Pálmi Jónsson, Baldur Jónasson fyrrverandi lögreglu- maður, Kristinn Ásmundsson, Flókagötu 67, og allir gestir í fimmtugsafmæli Pálma Jónssonar verði yfirheyrðir um vitneskju þeirra um áfengisneyzlu lögreglumanna (ákæruliður III) auk þeirra, er áður getur.

E. Tæknirannsókn verði framkvæmd á ritvélum Gunnars Sverrissonar, Sverris Sigurðssonar kaupmanns, Ægissíðu 46, Verzlunar Magnúsar Benjamínssonar & Co. og öllum ritvélum sakadómaraembættisins svo og þeim einkaritvélum allra löggæzlumanna, bæði hjá lögreglustjóra og sakadómara, er eigi hefur verið framkvæmd rannsókn á fyrr.

F. Yfirheyrðir verði Gústav A. Jónasson ráðuneytisstjóri og Baldur Möller deildarstjóri í sambandi við vætti lögreglustjóra í sakadómj 10. nóvember (dómsrannsókn bls. 5f). Baldur Möller

beri einnig vitni um símtal hans og verjandans að kvöldi dags 7. apríl, varðandi fyrirspurn verjanda um sáttaboð og niðurfellingu máls þessa, að því er varðaði kærumál lögreglustjóra á hendur ákærða.

G. Að leitað verði álitserðar tveggja sérfræðinga í geðsjúkdómum um heilsu Gunnars Sverrissonar. Rannsókuð séu atriði nánar tilgreind um dvöl Gunnars þessa á Kleppi og í Danmörku og hvort sjúkleiki hans sé þannig, að hugsanlegt sé, að hann geti eða hafi getað verið valdur að hótunarbréfaskrifunum.

H. Sérfræðirannsókn fari fram á því, hvort framlögð bréf, kvæði og skeyti Gunnars Sverrissonar gefi tilefni til að ætla, að hótunarbréfin, dskj. 7, 8 og 13, séu rituð af honum. (Hér fylgir á eftir greinargerð frá verjanda, hvaða atriði hann telur benda til, að svo kunni að vera).

I. Sigurjón Ingason, lögreglustjóri, yfirlögregluþjónn og allir aðrir lögreglumenn verði spurðir fyrir dómi um nærvist Gunnars Sverrissonar, er þessir aðiljar ræddu sín á milli um blaðagreinarnar og hótunarbréfin. Rannsakað sé, hvort stimpill með merkinu „Rannsóknarlögreglan í Reykjavík“, sem er undir einu bréfanna, sé sams konar og rannsóknarlögreglumenn hafa notað eða nota enn og hvort þeir hafi saknað slíks stimpils eða yfirléitt hvernig þessi stimpill er kominn í hendur Gunnars Sverrissonar, þannig að Gunnar hafði hann í sínum fórum, meðan hann dvaldist á Kirkjubæjarklaustri.

J. Að allt verði gert til að draga hið sanna fram í málinu.

Verður nú hvert einstakt atriði framangreindra beiðna verjandans tekið til rökstuddrar úrlausnar, og þá fyrst beiðni, dags. 5. þ. m. Þess er þó að gæta, að atriði A, B, C a-e, D a-f og E 1 hafa þegar verið tekin til greina, svo sem áður er getið, og atriðin C h og D f eru eigi svo skýrt mörkuð, að um þau verði úrskurðað.

Eru þá eftir þessi atriði:

C f og g) Ekki verður séð, að spurningar þessar varði efni máls þessa.

D c) Þessi spurning þykir ekki svo vaxin, að svör við henni geti varpað neinu ljósi á efni málsins.

d) Sakarefninu með öllu óviðkomandi.

e) Í tilefni af þessari spurningu hefur verið aflað upplýsinga um, að vitnið Sigurjón Ágúst Ingason hefur verið saksóttur fyrir, að hann hafi aðfaranótt sunnudags 17. júlí s.l. sam-

þykkt, að Bjarni Sigurjón Erasmusson sjómaður, Ásvallagötu 55 hér í borg, æki bifreið hans, enda þótt Bjarni væri undir áfengis-áhrifum, en Bjarni Sigurjón hefur verið ákærður fyrir ölvun við akstur og ógætni í akstri, er hann ók bifreið Sigurjóns á brúarstöpul við Fossvogsbrú í umrætt skipti. Málinu er enn eigi lokið. Ekki þykir nein ástæða til að afla frekari gagna í þessu máli um þetta atriði.

E. Eins og áður segir, hefur einn þeirra, er þessi liður greinir frá, Guðbjörn Hansson, þegar komið fyrir dóm. Ekki eru neinar líkur til þess, að spurningar þær, er í þessum lið greinir, til hinna 16 manna geti orðið til þess að lýsa sakarefni frekar en orðið er.

F. Sveinbjörn Bjarnason skýrði svo frá, að hann hefði heyrt, að ákærði bæri þungan hug til stjórnar byggingasamvinnufélagsins, en í henni er Sveinbjörn, og teldi ákærði, að stjórnin hefði hlunfarið sig í sambandi við lóðaúthlutun. Gat Sveinbjörn þess, að þarna kynni að vera undirrót kærunnar á hendur honum (sbr. ákærulið III, 1). Ekkj verður talið, að þörf sé á að yfirheyra félagsstjórnina af þessu tilefni.

G. Þetta atriði varðar kvörtun ákærða yfir því, að Magnús Sigurðsson varðstjóri hafi komið í veg fyrir, að ákærði yrði kosinn í nefnd í lögreglufélaginu, en kemur ekkert við sakarefni í máli þessu. Er ástæðulaust að spyrja frekar um þetta atriði.

H. Umræddur útdráttur úr gerðabók Erlings Pálssonar var lagður fram strax í upphafi rannsóknar málsins (dskj. 6), og verður ekkj séð, að nein ástæða sé til þess að afla í þessu máli frekari gagna um það efni, er þar greinir.

(II).

A e) Engu skiptir í þessu máli, hvort lögreglustjóri hefur byssuleyfi eða ekki.

f) Í málinu er fram komið, að byssa sú, sem ákærði er sóttur til saka fyrir að eiga, var í því ástandi, að ekkj virtist vera hægt að skjóta úr henni. Það er dómsins að skera úr því, hvort áhald þetta sé að svo vöxnu máli skotvopn í skilningi laga. Ber ekki að leggja spurningar af þessu tagi fyrir vitni.

B. Krafa verjandans undir þessum lið er næsta óskýrt fram sett, en þó þykir mega ráða í, hvað hann eigi við. Telja verður, að engin þörf sé upplýsinga um þau atriði í þessu máli.

(III).

A. Þegar ákærði setti fram sakargiftir sínar hinn 4. apríl, tilgreindi hann ekki, umfram það sem ákæruskjal ber með sér,

nein ákveðin tilvik brota þeirra, er hann sakaði lögreglustjóra um og aðra þá, er í III. kafla ákæru getur. Í þinghaldi 31. ágúst neitaði hann að tjá sig um sakargiftir þessar að svo stöddu og neitaði að svara því, hvað honum hefði gengið til að setja þær fram. Verjandinn setur nú fram kröfu um, að allt lögregluliðið sé kallað fyrir dóm í tilefni af III. kafla ákæruskjalsins, en eigi tilgreinir hann nú, frekar en ákærði áður, nein ákveðin tilfelli, er hann telur að kanna þurfi, né segir neitt um það, um hvað skuli spurt. Dóminum þykir þessi krafa verjandans fráleit og einsætt, að hún sé höfð uppi einungis sem tilraun til þess að þæfa og tefja mál þetta. Ber því eigi að taka hana til greina.

B. Um þessi atriði hefur Sigurjón Ingason verið yfirheyrður, en ekki sést, að neitt tilefni sé til að yfirheyra hina þrjá mennina um þetta efni. Þykja ekki líkur til þess, að þeir geti upplýst neitt um þetta, enda gerir verjandinn enga grein fyrir þessari kröfu sinni.

Þá er komið að því að taka afstöðu til krafna verjandans í bréfi 16. nóvember.

A a-h), j), k). Hér er enn krafizt yfirheyrslu á öllu lög-regluliðinu. Ekki eru neinar líkur til þess, að yfirheyrslur þessar yrðu til að varpa ljósi á sakarefnið, og sumar spurningarnar eru efninu alls óviðkomandi. Verður að telja, að þessi krafa sé sett fram í því skyni einu að að tefja málið, og ber ekki að sinna henni.

A. i)-liður, B., E., G., H. og I. Allir þessir liðir varða Gunnar Sverrisson, Ægissíðu 46. Á dómþingi 17. þ. m. lagði verjandinn fram 13 bréf og 1 símskeyti, sem talin eru frá Gunnari þessum til Páls Pálssonar kennara, Kvisthaga 11. Enn fremur eitt tölublað af Vikunni, þar sem birt er smásaga eftir Gunnar. Með nefndum liðum bréfsins 16. nóvember verður að telja, að verjandinn láti liggja að því, að Gunnar kunni að vera höfundur hótunarbréfa þeirra, er þetta mál snýst um. Tilgreinir verjandinn undir lið H. ýmis atriði, er hann telur gefa tilefni til að ætla, að svo geti verið. Út af þessum atriðum hefur verið aflað þeirra upplýsinga, að Gunnar Sverrisson hefur síðan 9. júlí verið vistmaður á Kleppi, en frá því í apríl og fram í júlí var hann til lækninga í Danmörku. Sjúkdómsgreining hans er samkvæmt vottorði Þórðar Möllers yfirlæknis schizoid psychopathia. Bréf þau, er áður greinir, en mörg þeirra eru undirrituð af

Gunnari, bera mjög áberandi einkenni geðveiklunar. Hins vegar getur dómurinn ekki fallizt á, að í þeim sé neitt, er gefi tilefni til að ætla, að Gunnar kunni að hafa ritað hótunarbréfin til lögreglustjóra. Tæknirannsókn, er gerð var á bréfunum, sýndi, að af þeim eru 11 rituð á eina og sömu vél, sem er eign Gunnars Sverrissonar, en eitt á einhverja aðra ritvél, sem ekki er vitað, hvar er, en er þó örugglega ekki meðal véla þeirra, er hótunarbréfin eru skrifuð á. Eitt bréfið er handskrifað. Hótunarbréfin til lögreglustjóra eru talin skrifuð á ritvélar í Utanríkisráðuneytinu og í heildverzluninni Solido. Ekki hafa verið leiddar neinar líkur að því, að Gunnar hafi haft aðgang að þessum stöðum. Alkunna má telja, að eigi er fátítt, að geðbillaðir menn hafi þá áráttu að fást við bréfaskriftir. Þykir ekki fært að kanna slík tilfelli í þessu máli, nema sérstakt tilefni sé til, og bréf Gunnars þykja, sem fyrr segir, ekki gefa slíkt tilefni. Verður því ekki tekin til greina krafa verjanda um rannsókn um þessi atriði, frekar en orðið er.

C. Bjarni Guðmundsson og Jóel Sigurðsson hafa komið fyrir dóm og borið vitni við rannsókn málsins, og sést eigi, að nein ástæða sé til að yfirheyra þá frekar. Eigi er heldur tilefni til að yfirheyra Bjarna Erasmusson né Pálma Jónsson. Er ekki ástæða til að ætla, að þeir geti upplýst neitt um höfund hótunarbréfanna, enda leiðir verjandinn engar líkur að því.

D. Verjandinn hefur ekki gert grein fyrir, að tilgreindir þrír menn geti gefið upplýsingar um þá „áfengisneyzlu lögreglumanna“, er hér skiptir máli. Fráleitt sýnist og að fara að yfirheyra alla gesti í fimmtugsafmæli Pálma Jónssonar (en það var 3. desember 1950), enda er ekki tilgreint, um hvað ætti að spyrja þá.

F. Hér krefst verjandi þess, að ráðuneytistjóri og deildarstjóri í Dómsmálaráðuneytinu verði krafðir vættis um atriði, er varða einungis meðferð ráðuneytisins á kærnum þeim, er leiddu til málssóknarinnar, og verður að telja kröfu þessa fjarstæðukennda. Ekki er vitað til þess, enda ekki vikið að því í kröfunni, að menn þessir geti borið neitt um sakarefnið.

J. Sbr. það, sem segir um liðina C. h) og D. f) í fyrra bréfi verjandans.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, verður niðurstaðan sú, að ekki verða teknar til greina kröfur verjanda um öflun framangreindra gagna.

Því úrskurðast:

Kröfur verjanda ákærða um öflun framangreindra gagna verða ekki teknar til greina.

Miðvikudaginn 25. janúar 1961.

Nr. 43/1959. **Samvinnufélag Ísfirðinga**
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Bæjarsjóði Siglufjarðar
 (Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Ingimundarson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 4. marz 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. febrúar sama ár. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framkvæmd lögtaks. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi.

Áfrýjandi er samvinnufélag, sem um útsvarsskyldu og álagningu útsvars lýtur ákvæðum 6. gr. A, II, 2. töluliðar í lögum um útsvör nr. 66/1945. Í þessu máli koma því ekki til álita fyrirmæli laga nr. 59/1947 um breytingu á 8. gr. nefndra útsvarslaga, þar sem þau taka eingöngu til félags samkvæmt 6. gr. A, II, 1. töluliðar útsvarslaganna.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er lýst, hvernig háttað var síldarverkun og síldarsölu áfrýjanda á Siglufirði árið 1956. Verður ekki talið, að atvinnurekstur þessi hafi verið annar eða meiri en átt er við í c-lið 1. töluliðar 9. gr. fyrrgreindra